



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2010

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 200. mál og fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2011.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) telur að við gerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2011 hafi ekki verið gætt jafnræðis þegna íslenska ríkisins, því ekki er gert ráð fyrir leiðréttingum á kjörum öryrkja þrátt fyrir að aðstæður þeirra hafa versnað til muna eftir bankahrun. ÖBÍ mótmælir því að stjórnvöld ætli sér, þriðja árið í röð, að taka úr sambandi lög sem sett voru til að tryggja lífeyrisþegum sanngjarnan lífeyri og verja fólk gegn aðstæðum sem þessum. Umrædd lög voru tekin úr sambandi með fjárlögum fyrir 2009 og ekki sett aftur í samband árið 2010. Þá jukust tekjuskurðingar í almannatryggingakerfinu verulega frá 1. júlí 2009 í kjölfar kreppunnar ásamt því að kostnaður í heilbrigðskerfinu jókst til muna.

Þeir sem fyrstir urðu fyrir niðurskurði við bankahrunið og þeirri fjármálakreppu sem fylgdi, ættu frekar að fá leiðréttingu um næstu áramót en þann niðurskurð sem kemur fram í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2011.

Þann 1. janúar 2009 hefðu lífeyrisgreiðslur átt að hækka um 19,6% en einungis lítill hluti lífeyrisþega fékk þá hækkun, aðrir aðeins 9,6%. Um síðustu áramót hefðu greiðslur átt að hækka um a.m.k. 10% og enn ættu þær að hækka um næstu áramót um a.m.k. 7% til viðbótar. Því er ljóst að til að halda í horfi miðað við það sem var 2008 þyrftu bæturnar að hækka að lágmarki um 27%.

Samkvæmt könnuninni Lífskjör og hagir öryrkja, könnun meðal örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega, sem fram fór á tímabilinu september 2008 til janúar 2009 af Þjóðmálastofnun og unnin sérstaklega fyrir ÖBÍ af Guðrúnu Hannesdóttur, voru meðaltals heildartekjur hópsins kr. 175.000 á mánuði. Þegar spurt var hvort viðkomandi hefði einhvern tímunn á síðustu 12 mánuðum átt erfitt með að greiða hin venjulegu útgjöld, svöruðu 44% að svo hafi verið. Það er því alveg ljóst að staðan hefur ekki skánað þar sem lífeyrir hefur rýrnað miðað við verðlags- og launavísitölu og kostnaður vegna lyfja og endurhæfingar hefur hækkað, sem og gjöld vegna heilsugæslu.



Kostnaðarhlutdeild sjúklinga hefur einnig aukist í hjálpartækjum sem miðast við ákveðna prósentu af kaupverði sem hefur hækkað verulega vegna gengishrunsins. Í sumum tilvikum greiðir Tryggingastofnun ríkisins ákveðna upphæð í hjálpartækjum, sem hefur ekki breyst þrátt fyrir miklar verðhækkningar og eru heyrnartæki dæmi um slíkt. Hækkunin lendir á þeim sem þurfa að nota tækin.

Það sem gerir afkomuna enn verri er að vegna verðbótaþáttar húsnæðislána hefur húsnæðiskostnaður allt að tvöfaldast á meðan húsaleigubætur hafa staðið í stað, en samkvæmt fyrrnefndri könnun Þjóðmálastofnunar búa hlutfallslega mun fleiri öryrkjar en almennt gerist hjá þjóðinni í leiguhúsnæði.

Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að enn meiri skerðinga er að vænta í þjónustu við fólk í heilbrigðiskerfinu. Að skerða þjónustu við mikið fatlað og langveikt fólk er í raun skerðing á mannréttindum og kemur í veg fyrir að fólk geti nýtt þá krafta sem það hefur og lífað eins eðlilegu lífi og því er unnt.

Umsögn ÖBÍ um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 220. mál. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Frítekjumark á atvinnutekjur.

Hér að neðan verða einstakar greinar frumvarpsins til umfjöllunar. En áður en þær verða teknar fyrir vill ÖBÍ gera alvarlega athugasemd við að ekki sé gert ráð fyrir því að frítekjumark örorkulífeyrisþega vegna atvinnutekna við útreikning tekjutryggingar almannatrygginga verði áfram í gildi. Frítekjumarkið var sett á til bráðabirgða þann 1. júlí 2008 (þá 100.000 kr. á mánuði) vegna fyrirhugaðra breytinga á örorkulífeyriskerfinu með áherslu á starfshæfnismat og starfsendurhæfingu. Markmið með frítekjumarkinu var að hvetja örorkulífeyrisþega til aukinnar atvinnuþátttöku og átti að gilda þar til nýtt kerfi með nýjar viðmiðunarreglur yrði tekið upp. Ákvæðið var endurnýjað fyrir árið 2009 og aftur 2010 og eru nú 109.600 kr. á mánuði. Forsendur fyrir óbreyttu frítekjumarki eru enn þær sömu og áður og því ætti það vera áfram í gildi. ÖBÍ hvetur stjórnvöld til að setja aftur inn frítekjumarkið fyrir árið 2011.

Skærðingar á vaxtabótum og barnabótum.

Eins og kemur fram í 2. og 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir skærðingum á vaxtabótum og barnabótum. Slík ákvörðun kemur mjög illa við öryrkja sem eru með börn á framfæri og með lágur tekjur. Allar skærðingar og auknar tekjutengingar gera það að verkum að erfiðara verður fyrir fólk að framfleyta sér þar sem bætur eru frystar á meðan nauðsynjar hafa hækkað umtalsvert í kreppunni.

Í áðurnefndri skýrslu um Lífskjör og hagi öryrkja, kemur fram að heimili með börn á framfæri yngri en 18 ára standa verr að vígi en þau sem eru ekki með börn á þeim aldri. Um 82% þeirra kvenna sem segjast hafa átt erfitt með að greiða hin venjulegu útgjöld eru með barn yngra en 18 ára á heimilinu en 55% karla eru í sömu stöðu. Könnunin fór fram áður en áhrif kreppunnar hafði markað líf þessa fólks og því má gera ráð fyrir að staðan hafi versnað til muna og er það mikið áhyggjuefni.



Endurútreikningur á gengistryggðum lánnum og bætur almannatrygginga.

Í 6 gr. frumvarpsins lið c kemur fram að við endurútreikning á gengistryggðum húsnæðis- og bílalánnum í lán í íslenskum krónum skulu inneignavextir skuldara ekki teljast til fjármagnstekna. Endurgreiðslur af þessum sökum skulu ekki hafa áhrif á greiðslur vaxtabóta né barnabóta.

ÖBÍ leggur áherslu á að bæta inn í lögin að endurgreiðslur hafi ekki áhrif á bætur almannatrygginga og sérstakar félagslegar uppbætur til að jafnræði ríki meðal fólks í þessari stöðu.

Hækkun fjármagnstekjuskatts og bætur almannatrygginga.

Nauðsynlegt er að fólk sem er með lágar tekjur eigi þess kost að eignast varasjóð til að geta mætt óvæntum útgjöldum. Í 7. gr. frumvarpsins kemur fram að hækka á fjármagnstekjuskatt úr 18% í 20%. Sú ráðstöfun kemur sér afar illa fyrir þá sem eingöngu hafa bætur almannatrygginga sér til framfærslu þar sem fjármagnstekjur (vextir og verðbætur) skerða bætur almannatrygginga. Einn bótaflokkur, uppbót til framfærslu, skerðist krónu á móti krónu, en það er sá bótaflokkur sem á að tryggja lágmarksframfærslu lífeyrisþega. Skerðing á bótum, ásamt aukinni skattlagningu á fjármagnstekjur, gerir það að verkum að sparifé lífeyrisþega ber neikvæða ávöxtun. Hér er um eignaupptöku að ræða og því leggur ÖBÍ áherslu á nauðsyn þess að hækka frítekjumörk verulega á bótum almannatrygginga m.t.t. fjármagnstekna.

Setja þarf sem allra fyrst frítekjumark á áður nefndan bótaflokk sem skerðist krónu á móti krónu hversu lágar sem aðrar greiðslur eru og heldur fólki í fátæktargildru. Einnig er bent á að skerðingar á ákveðnum bótaflokkum almannatrygginga geta leitt til þess að fólk þarf að greiða hærra gjald í sjúkra-, iðju- og talþjálfun, tannlækna-kostnaði o.fl. Hér er um margsköttun að ræða sem kemur harðast niður á þeim sem síst skyldi.

Hækkun erfðafjárskatts.

Í 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að hækka erfðafjárskatt úr 5 í 10%. Vísað er til athugasemda hér að ofan þar sem fram kemur að nauðsynlegt er að hækka frítekjumark almannatrygginga og á það einnig við hér.

Hækkun erfðafjárskatts kemur einnig illa við sk. þriðja geira sem þarf að treysta á framlög frá einstaklingum til að geta haldið úti nauðsynlegri starfsemi sem er ekki rekin með hagnað í huga. Brýnt er að styðja við bakið á slíkri starfsemi í kreppunni og er ein leið í því að hagsmunasamtök sem starfa að mannúðarmálum og skyldri starfsemi verði undanþegin hækkun á erfðafjárskatti.



Bifreiðakostnaður hreyfihamlaðra eykst.

Með breytingu á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, kemur fram að olíugjald hækkir, eins og segir í 17. gr. frumvarpsins, „að í stað fjárhæðarinnar „52,77 kr.“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: 54,88 kr.“ Þessi hækkun fer augljóslega beint til hækkunar á rekstrarkostnaði bifreiða. Hreyfihamlað fólk fær uppbót vegna reksturs bifreiðar samkvæmt lögum 99/2007. Uppbótin hefur ekki hækkað í samræmi við hækkun rekstrarkostnaðar bifreiða og mun gera fólki með lágar tekjur enn erfiðara að eiga bíl, þrátt fyrir nauðsyn þess að hafa bifreið til umráða vegna sinnar fötlunar.

Með væntanlegri breytingu á lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 39/1988 um bifreiðagjald, og lögum nr. 87/2004 um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum, en frumvarpið er lagt fram í kjölfar laga um umhverfis- og auðlindaskatta nr. 129/2009. Með hliðsjón af þessum breytingum er mikilvægt að hafa í huga að enn sem komið er hafa margir hreyfihamlaðir ekki tók á að nýta sér kosti umhverfisvænni bifreiða og/eða eldsneytis þar sem ekki er á markaði það úrval bifreiða sem uppfyllir kröfur um aðgengi. Þá hafa hreyfihamlaðir öryrkjar sem eru á bótum almannatrygginga ekki efni á að kaupa nýjar bifreiðar og er ekki séð fram á annað en að rekstrarkostnaður þeirra muni aukast umtalsvert.

Það er áhyggjuefni að um leið og fyrrgreindar breytingar eru gerðar minnkar möguleiki hreyfihamlaðra til að kaupa bifreið við hæfi þar sem fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2011 gerir ráð fyrir að lækka uppbót/styrki til bifreiðakaupa hreyfihamlaðra um 15,7%. Að því er komið að nauðsynlegt er að hækka styrki/uppbætur til bifreiðakaupa og til reksturs bifreiða hreyfihamlaðra.

Hækkun útvarpsgjalds og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Í 21. gr. kemur fram að áætlað er að hækka útvarpsgjaldið um rúmlega 4% og í 23. gr. kemur fram að gjaldið í Framkvæmdasjóð aldraðra muni hækka um 3,5% á sama tíma og bætur örorkulífeyrisþega eru frystar. Þá er ekki gert ráð fyrir því að hækka viðmiðunarmörk hjá þeim sem eru undanþegnir ofangreindum gjöldum, sem eru mjög lág eða við skattleysismörk. Lagt er til að tekjuviðmið verði hækkuð til að koma til móts við fólk með lágar tekjur.

Lífsnauðsynleg leiðrétting á framfærslu lífeyrisþega.

ÖBÍ gerir alvarlegar athugasemdir við 26. gr. frumvarpsins og ítrekar þær athugasemdir sem koma fram í inngangi umsagnarinnar og mótmælir að gert sé ráð fyrir því að taka lög um almannatryggingar nr. 100/2007 úr sambandi þriðja árið í röð. Í 69. gr. stendur að bætur almannatrygginga skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Breytingar skulu taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Lög þessi voru sett til að tryggja lífeyrisþegum lágmarksframfærslu og vernda þá fyrir aðstæðum eins og nú ríkja í þjóðfélaginu. Eins og staðan er í dag ættu bætur að hækka samkvæmt lögum um að lágmarki 27% og er sú leiðrétting á greiðslum lífsnauðsynleg til að fólk geti framfleytt sér.



Athugasemdir við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2011, lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010.

Hér verða tekin fyrir ýmis atriði í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2011 sem ekki koma fram í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Skerðingar lífeyrissjóða og víxlverkun örorkubóta.

Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að útgjöld lífeyristrygginga ríkisins munu að óbreyttu hækka um 1.040 m.kr. vegna tekjutenginga almennra lífeyrissjóða við bætur almannatrygginga og lækun þeirra á greiðslum til örorkulífeyrisþega um allt að 7-10%. Í frumvarpinu segir að „... leitast verði við að ná samkomulagi við lífeyrissjóðina sem m.a. feli það í sér að lífeyrissjóðirnir muni ekki líta til bóta almannatrygginga við samiburð á tekjum örorkulífeyrisþega fyrir og eftir orkutap.“ (bls. 337). Með þessu móti á að nást fram sparnaður í útgjöldum almannatrygginga um 700 m.kr. Reynslan sýnir að taka beri slíkar yfirlýsingar með fyrirvara.

Krafa ÖBÍ er að víxlverkun lífeyrisgreiðslna og almannatrygginga verði afnumin með því að setja ákvæði í lög sem koma í veg fyrir slíkt. ÖBÍ bendir á að almennir lífeyrissjóðir fá greitt framlag frá ríkinu til að jafna örorkubyrði þeirra og er gert ráð fyrir 98,8 m.kr. hækkun fjárheimildar vegna þessa í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011. Samkvæmt lögum nr. 177/2006 skal ráðstafa ákveðnu hlutfalli af almennu tryggingagjaldi til lífeyrissjóðanna. Hlutfallið hefur hækkað síðustu ár og árið 2010 er það 0,325%.

Til að skýra umrædda víxlverkun þá hafa margir lífeyrissjóðir skert bætur öryrkja sérstaklega, á hverju ári frá árinu 2006, þrátt fyrir hörð mótmæli ÖBÍ. Skerðingarnar hófust eftir að samþykktum margra lífeyrissjóða var breytt á þann veg að tekið er mið af greiðslum almannatrygginga við útreikning greiðslna sjóðanna til örorkulífeyrisþega. Lægri örorkulífeyrissjóðsgreiðslur geta leitt til þess að almannatryggingar bæti þær að hluta, sem aftur leiðir til þess að lífeyrissjóðsgreiðslur skerðast enn frekar næst þegar lífeyrissjóðurinn skoðar tekjur sjóðsfélaga.

Breytingin hefur leitt til þess að lífeyrissjóðsgreiðslur til fjölda örorkulífeyrisþega hafa lækkað umtalsvert eða fallið niður. Skerðingin hefur bitnað mest á þeim öryrkjum sem hafa lægstu tekjurnar. Hjá þeim lífeyrissjóðum sem telja bætur almannatrygginga til tekna lækka lífeyrisgreiðslur til öryrkja krónu á móti krónu. Þessi víxlverkun hefur haft í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð þar sem lækkan örorkulífeyrisgreiðslna lífeyrissjóða leiðir í flestum tilvikum til aukinna réttinda í almannatryggingakerfinu sem þó bætir ekki lækkunina nema að hluta.

Þessu til viðbótar hafa margir lífeyrissjóðir í kjölfar kreppunnar skert greiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega á bilinu 7-19% og hafa þær skerðingar komið til viðbótar við þær skerðingar sem stjórnvöld hafa framkvæmt. Hjá einhverjum lífeyrissjóðanna voru greiðslur skertar árið 2008 og aftur árið 2009.



Aukinn kostnaður sjúklinga á landsbyggðinni.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því að lækka kostnað í heilbrigðisþjónustu sem kemur harðast niður á landsbyggðarfólki. Með skertri þjónustu mun kostnaður aukast hjá fötluðum og sjúklingum sem þurfa að sækja lækniþjónustu fjarri sinni heimabyggð. Aukinn kostnaður sem leggst á landsbyggðarfólk er m.a. ferða- og kostnaður, gisting og kostnaður vegna fylgdarmanna fyrir þá sem þess þurfa.

Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007.

ÖBÍ hefur áhyggjur af því að af ellefu bótaflokkum, samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, er samkvæmt fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir að lækka útgjöld til sjö þeirra. Hæsta hlutfall lækkunar er 43,6% fyrir frekari uppbætur. Einn bótaflokkur, uppbót vegna bifreiðakaupa, mun samkvæmt frumvarpinu þurrkast út. Sú skýring er gefin að áætlun útgjalda til bóta sé lækkuð á fjárlögum 2011 þar sem við endurmat á áætlun reyndist fjárförf vera 1.296 m.kr. lægri en áætlað var í fjárlögum 2010. Er þá litið yfir þróunar útgjalda á yfirstandandi ári. ÖBÍ hefur ekki upplýsingar um fjölda þeirra sem fá greiðslur árið 2010 eftir bótaflokkum. Spurning er hvaða forsendur voru hafðar til hliðsjónar við útreikninginn?

ÖBÍ veltir því fyrir sér hver sé ástæða þess að áætla talsverða lækkun á fjárlögum fyrir a) frekari uppbætur (43,6%) og sérstaka uppbót lífeyrisþega (31%)? Breytingar á fjölda lífeyrisþega getur ekki útskýrt þessa lækkun. Líklegt er að þær lagabreytingar sem tóku gildi 1. júlí 2009 þar sem tekjutengingar jukust og bætur skertust meira og fyrr en áður hafi þessi áhrif. En þessu til viðbótar þarf að taka tillit til þess að áður nefnd víxlverkum á örorkubótum almannatrygginga og almennra lífeyrissjóða hefur aukið útgjöld ríkissjóðs á hverju ári. Einnig verður að hafa í huga að fjármagnstekjur hafa lækkað vegna minnkandi verðbólgu og því má áætla að bætur almannatrygginga hækki að einhverju leyti.

ÖBÍ telur mjög mikilvægt, vegna ástandsins í þjóðfélaginu, að löngu sé tímabært að hækka frítekjumörk ýmissa bótaflokka örorkulífeyrisþega til að fólk geti náð að framfleyta sér. Sem dæmi þá er bótaflokkurinn sérstök uppbót vegna mikils lyfjakostnaðar sérstaklega mikilvægur.

Frítekjumörk á bótum almannatrygginga.

Bótaflokkurinn sérstök uppbót til framfærslu lífeyrisþega var komið á haustið 2008 ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki framfleytt sér án hans. Í raun er um hámarksbætur til lífeyrisþega að ræða sem heldur fólki í fátæktargildru, þar sem allar staðgreiðsluskyldar greiðslur skerða uppbótina, krónu á móti krónu. Sú undantekning var innleidd í júní 2010 að uppbót vegna lækni- og lyfjakostnaðar skerðir ekki lengur þennan bótaflokk. Nauðsynlegt er að aðrar bætur verði undanþegnar s.s. uppbót vegna reksturs bifreiðar, uppbót vegna umönnunar í heimahúsi, uppbót vegna heyrnartækis, uppbót vegna rafmagnskostnaðar vegna notkunar á súrefnissíu, svo dæmi séu tekin.



Aukinn kostnaður í kjölfar veikinda.

Endurhæfingarlífeyrisþegum hefur fækkað á undanförunum mánuðum og er ein skýring væntanlega sú að breyting var gerð á lögum um félagslega aðstoð sem tók gildi 1. janúar 2010 (lög nr. 120/2009, 11. gr.). Þar var sett sem skilyrði að fólk hafi fullnýtt rétt sinn á vinnumarkaði, s.s. greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaganna o.fl. áður en hægt er að sækja um endurhæfingarlífeyri. Þessi breyting hefur leitt til þess að lengri tími líður áður en sjúklingar komast á endurhæfingarlífeyri og þurfa því að greiða hærri kostnað fyrir heilbrigðisþjónustu, lyf og þjálfun í kjölfar veikinda. Oft er um mjög háan heilbrigðiskostnað að ræða, t.d. vegna rannsókna og aðgerða, sem kemur niður á þeim sem eru að takast á við erfið veikindi á sama tíma og fólk verður fyrir tekjutapi. Hvatt er til þess að breyta þessum lögum til að koma til móts við fólk sem er í aðstæðum sem þessum.

Lokaorð.

Staða lífeyrisþega hefur versnað í kreppunni. Frá því í janúar 2009 hafa umtalsverðar tekjuskerðingar átt sér stað í almannatryggingakerfinu. Breytingar hafa verið gerðar á lögum og reglugerðum sem hefur komið illa niður á öryrkjum og sjúklingum. Fólk nær ekki að framfleyta sér á lágum bótum, á sama tíma og útgjöld hafa aukist í heilbrigðiskerfinu.

Fjárlagafrumvarpið sem nú liggur fyrir er mikið reiðarslag fyrir lífeyrisþega þar sem gert er ráð fyrir enn meiri skerðingum en orðið er. Ekki er gert ráð fyrir neinum leiðréttingum á kjörum öryrkja, hvorki á framfærslunni né á þeim aukakostnaði sem margir öryrkjar, fatlaðir og langveikir búa við. Öryrkjar sem bjuggu við kröpp kjör í góðærinu, eiga mjög erfitt með að takast á við kreppu og kjaraskerðingar. Það er greinilegt að stjórnvöld skortir heildarsýn og skilning á aðstæðum öryrkja.

ÖBÍ mótmælir harðlega skerðingum á kjörum öryrkja og fer fram á það við stjórnvöld að gerðar verði tafarlausar breytingar á fjárlagafrumvarpinu til hagsbóta fyrir þá sem þurfa á velferðarkerfinu að halda.

Virðingarfyllt
f.h. ÖBÍ

Guðmundur Magnússon,
formaður

Lilja Þorgeirsdóttir,
framkvæmdastjóri